

Ú R S K U R Ð U R

Héraðsdóms Reykjavíkur 27. nóvember 2014 í máli nr. E-1051/2014:

Geirlaug Þorvaldsdóttir

Margrét Guðnadóttir

Ólafur Þór Jónsson

Reykjaprent ehf.

Sauðafell sf.

Sigríður Jónsdóttir

Bjarney Guðrún Ólafsdóttir

STV ehf.

Skúli Þorvaldsson

Katrín Þorvaldsdóttir

(Ásgerður Ragnarsdóttir hdl.)

gegn

Orkustofnun

(Fanneý Rós Þorsteinsdóttir hrl.)

Landsneti hf.

(Þórður Bogason hrl.)

Náttúruverndarsamtökum Suðvesturlands

(Sjálfur ólöglærður)

Mál þetta, sem var tekið til úrskurðar 19. nóvember 2014, er höfðað fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur af Geirlaugu Þorvaldsdóttur, Stigahlíð 80, Reykjavík, Margréti Guðnadóttur, Rofabæ 29, Reykjavík, Ólafi Þór Jónssyni, Sléttuvegi 31, Reykjavík, Reykjaprenti ehf., Síðumúla 14, Reykjavík, Sauðafelli sf., Meistaravöllum 31, Reykjavík, Sigríði Jónsdóttur, Hvassaleiti 56-58, Reykjavík, Bjarneyju Guðrúnu Ólafsdóttur, Safamýri 47, Reykjavík, STV ehf., Stóru-

Vatnsleysu, Vogum, Skúla Þorvaldssyni, Lúxemborg og Katrínu Þorvaldsdóttur, Lúxemborg, á hendur Orkustofnun, Landsneti hf. og Náttúruverndarsamtökum Suðvesturlands, með stefnu birtri 21. mars 2014.

Stefnendur gera þær dómkröfur, hver um sig, að felld verði úr gildi sú ákvörðun stefnda, Orkustofnunar, frá 5. desember 2013, að veita stefnda, Landsneti hf., leyfi til að reisa og reka flutningsvirkið Suðurnesjalínu 2.

Þá krefjast stefnendur, hver um sig, málskostnaðar að skaðlausu úr hendi stefndu, Orkustofnunar og Landsnets hf., sameiginlega (in solidum). Ekki er gerð málskostnaðarkrafa á hendur Náttúruverndarsamtökum Suðvesturlands.

Stefndi, Landsnet hf., krefst þess aðallega að málinu verði vísað frá dómi. Til vara krefst stefndi sýknu af öllum kröfum stefnenda. Þá er krafist málskostnaðar úr hendi stefnendum in solidum.

Stefndi, Orkustofnun, krefst sýknu af öllum kröfum stefnenda. Þá er krafist málskostnaðar úr hendi stefnenda en til vara að málskostnaður verði látinn falla niður.

Stefndi, Náttúruverndarsamtök Suðvesturlands, gerir þá kröfu að felld verði úr gildi sú ákvörðun Orkustofnunar, dags. 5. desember 2013, að veita Landsneti leyfi til þess að reisa og reka flutningsvirkið Suðurnesjalínu 2. Ekki er gerð krafa um málskostnað í málinu.

Í þessum þætti málsins er krafa stefnda, Landsnets hf., um frávísun málsins tekin til úrskurðar. Stefndi, Orkustofnun, gerði í greinargerð sinni athugasemdir í þá veru að vísa eigi máli þessu frá dómi án kröfu. Við málflutning um frávísunarkröfuna krafðist stefndi, Orkustofnun, málskostnaðar úr hendi stefnenda.

Stefnendur krefjast þess að frávísunarkröfu stefnda, Landsnets hf., verði hrundið og ákvörðun málskostnaðar látin bíða efnisdóms.

I

Mál þetta snýst um ákvörðun Orkustofnunar um að veita stefnda, Landsneti hf., leyfi til að reisa og reka flutningsvirkið Suðurnesjalínu 2. Fyrirhuguð lína mun verða 32,4 km löng 220 kV háspennulína, sem liggja mun frá tengivirki við Hamranes í Hafnarfirði um sveitarfélagið Voga, Reykjanesbæ og Grindarvíkurbæ að tengivirki við Rauðamel, um 5 km norðan við Svartsengi. Framkvæmdin er hluti af svonefndum Suðvesturlínum sem er framtíðarstyrking raforkuflutningskerfisins á Suðvesturlandi.

Stefndi, Landsnet hf., kveður að á fyrri hluta ársins 2011 hafi undirbúningur að lagningu Suðurnesjalínu 2 hafist. Í apríl 2011 hafi samningaviðræður við landeigendur byrjað. Stefndi, Landsnet hf., kveðst hafa náð samningum við alla landeigendur á fyrirhugaðri línuleið um réttindi fyrir línuna, að frátöldum þeim landeigendum sem eru stefnendur þessa máls. Um brýna framkvæmd sé að ræða og varði hún hagsmuni almennings. Því hafi stefndi, Landsnet hf., í febrúar 2013,

óskað eftir heimild atvinnuvega- og nýsköpunarráðherra til eignarnáms á nauðsynlegum réttindum undir línuna og hafi sú heimild verið veitt 24. febrúar 2014. Um þá ráðstöfun hafa stefnendur höfðað dómsmálið E 2768/2014 gegn Landsneti hf. og íslenska ríkinu.

II

Í fyrsta lagi kveðst stefndi, Landsnet hf., byggja á því að vísa eigi málinu í heild frá dómi, þar sem stefna málsins og málatilbúnaður stefnenda sé ekki í samræmi við e-, g- og h-liði 1. mgr. 80. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Stefna málsins sé alls 23 þéttritadar síður, þar sem sé að finna rökstuðning stefnenda fyrir því að fella eigi úr gildi tiltekna stjórnvaldsákvörðun stefnda, Orkustofnunar. Til stuðnings málsástæðum í stefnunni leggja stefnendur fram dómsskjöl, sem telja mörg þúsund blaðsíður, sem mörg hver eru ekki á íslensku og engin þýðing fylgir. Vegna þessa telur stefndi að stefnan sé í raun skriflegur málflutningur, sem gangi í berhögg við ákvæði e-liðar 1. mgr. 80. gr. eml. og meginregluna um munnlegan málflutning. Því fari fjarri að málsástæður í stefnunni og önnur atvik séu tilgreind þannig í stefnu, að samhengi milli málsástæðna sé ljóst. Þá sé sömuleiðis fjarri lagi að þessi lýsing stefnunnar sé gagnorð og skýr. Stór hluti framlagðra gagna sé á ensku, oft mjög tæknilegu máli. Það gangi í berhögg við 10. gr. eml., einkum 1. og 3. mgr., þar sem segir að þingmálið sé íslenska og að skjali á erlendu tungumáli skuli að jafnaði fylgja íslensk þýðing að því leyti sem byggt er á efni þess. Rétt hefði verið að öllum framlögðum gögnum á erlendum tungumálum fylgdi íslensk þýðing.

Í öðru lagi sé á því byggt að aðild og lögvarðir hagsmunir stefnenda séu verulega vanreifaðir í stefnunni. Stefnendur séu einstaklingar og lögaðilar sem séu þinglýstir landeigendur á fyrirhugaðri línuleið Suðurnesjalínu 2. Að mati stefnda sé í meira lagi hæpið að stefnendur geti átt aðild að dómsmáli sem þessu, almennt eða sérstaklega, m.a. með tilliti til lögvarinna hagsmuna.

Samkvæmt 9. gr. raforkulaga, nr. 65/2003, hafi stefndi einn heimild til að reisa ný flutningsvirki raforku. Samkvæmt sama ákvæði þarf leyfi Orkustofnunar fyrir nýjum raflínunum sem flytja raforku á 66 kV spennu eða hærrí. Þar sem fyrirhuguð Suðurnesjalína 2 verði 220 kV lína, var nauðsynlegt að sækja um heimild stefnda, Orkustofnunar, til að ráðast í framkvæmdina. Samkvæmt 34. gr. raforkulaga skal Orkustofnun kynna umsókn um leyfi samkvæmt lögum með auglýsingu í Lögbirtingablaðinu. Þar skal gefa þeim aðilum er málið varðar færi á að kynna sér umsóknina og koma á framfæri sjónarmiðum sínum innan fjögurra vikna frá birtingu auglýsingar. Að því loknu taki Orkustofnun ákvörðun um hvort heimila eigi nýtt flutningsmannvirki. Við þá ákvörðun meti stofnunin m.a. hvort skilyrði 1. mgr. 9. gr. raforkulaga séu uppfyllt, þ.e. að flutningskerfið sé byggt upp á hagkvæman hátt að teknu tilliti til öryggis, skilvirkni, áreiðanleika afhendingar og gæða raforku. Í leyfi Orkustofnunar felst mat stjórnvalds á því, að nauðsynlegt sé

að reisa flutningsmannvirkið. Í ákvörðuninni felst hvorki framkvæmdaleyfi né leyfi til afnota af landi fyrir flutningsvirkið.

Af stefnu málsins virðist sem stefnendur líti á sig sem aðila stjórnáskilumáls, sem lyktaði með ákvörðun Orkustofnunar um að veita stefnda heimild til að reisa og reka Suðurnesjalínu 2. Hins vegar sé það svo, að samkvæmt ákvæðum raforkulaga sé einungis gert ráð fyrir því að leitað sé umsagnar almennt um leyfisumsókn, með auglýsingu í Lögbirtingablaðinu, er veita skal innan fjögurra vikna frá birtingu auglýsingar. Stefnendur skiluðu inn athugasemdum sínum um málið tæpum átta mánuðum eftir lok frestsins. Verði í fyrsta lagi að telja þær athugasemdir stefnenda, sem bárust löngu eftir lögbundinn frest, skv. 3. mgr. gr. 34. gr. raforkulaga, allt of seint fram komnar. Telja verði að Orkustofnun hafi ekki haft heimild til að taka við þeim eða líta til umsagna sem bárust eftir hinn lögbundna tíma, sem var fjórar vikur frá birtingu auglýsingar, hinn 1. febrúar 2013. Stefnendur kærðu synjun á aðgangi að gögnum málsins til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Úrskurður nefndarinnar um það mál lá fyrir, hinn 19. september 2013. Stefnendur sendu Orkustofnun bréf, hinn 2. október og báðu um að afgreiðslu málsins yrði frestað. Orkustofnun hafnaði beiðninni daginn eftir. Hinn 7. október báðu stefnendur Orkustofnun um frest til 18. nóvember 2013. Stofnunin veitti stefnendum loks frest til 29. október. Telja verði að Orkustofnun hafi ekki verið heimilt að gera það, a.m.k. ekki án nýrrar auglýsingar í Lögbirtingablaði um almennan frest til að skila athugasemdum til að gætt sé jafnræðis. Stefnendur skiluðu þannig athugasemdum sínum átta mánuðum eftir að lögbundinn frestur til þess rann út og meira en fjórum vikum eftir að úrskurður kærufélagar umhverfis- og auðlindanefndar lá fyrir vegna kæru þeirra, ef telja má að sú kæra hafi lengt frestinn.

Orkustofnun sé falið það mat að lögum að meta hvort veita eigi leyfi fyrir nýju flutningsvirki. Þeir aðilar sem sent hafa inn umsagnir um leyfið verða ekki þar með aðilar stjórnáskilumáls í skilningi stjórnáskiluréttarins. Fyrir liggir að útgáfa Orkustofnunar á leyfi samkvæmt raforkulögum sé kæránleg til æðra stjórnvalds, sbr. 2. mgr. 37. gr. laganna. Þá kærheimild nýttu stefnendur sér ekki. Auk þess að hafa skilað umsögn allt of seint og þannig í raun ekki, nýttu stefnendur ekki heldur lögbundin kæruræði stjórnáskilunnar áður en mál þetta var höfðað, mögulega vegna þess að umsagnir þeirra bárust löngu eftir lögbundinn frest. Að mati stefnda sé því með öllu óljóst, samkvæmt framangreindu, með hvaða hætti stefnendur telja sig eiga aðild að máli til ógildingar á ákvörðun Orkustofnunar. Einnig sé algerlega óljóst hvaða lögvörðu hagsmuni stefnendur telja sig eiga í málinu, verði fallist á kröfu þeirra um ógildingu leyfisins. Stefnendur geri enga grein fyrir þessum hagsmunum í stefnunni. Lögvarðir hagsmunir stefnda séu hins vegar augljósir.

Með vísan til þess að stefnendur nýttu í raun ekki umsagnarrétt skv. raforkulögum, nýttu ekki kærurétt til að kæra leyfisveitingu Orkustofnunar, sem og til þeirrar staðreyndar að stefnendur voru ekki aðilar málsins og að hagsmunir stefnenda af því að fallist verði á kröfur þeirra séu með öllu óljósir og vanreifaðir, ber að vísa málinu frá dómi.

Í þriðja lagi byggir stefndi á því að þinglýstir eigendur jarða á línuleiðinni standi ekki allir saman að lögsókn þessari. Stefnendur séu þinglýstir eigendur nokkurra jarða á Suðurnesjum. Fyrirhuguð háspennulína mun m.a. liggja um óskipt land jarðanna Minna Knarrarness, Stóra Knarrarness I og Stóra Knarrarness II.

Saman mynda allar jarðirnar hverfið Knarrarnes. Einungis þrír þinglýstir eigendur Stóra Knarrarness I eiga aðild að þessu máli, sbr. dskj. 95, en það eru Bjarney G. Ólafsdóttur, eigandi að 8,3333% hluta jarðarinnar (og þar með 2,791555% hluta hins óskipta lands), Sigríður S. Jónsdóttur, eigandi að 4,8611% hluta jarðarinnar (og þar með 1,6285% hluta hins óskipta lands) og Ólafur Þ. Jónsson, eigandi 4,8611% hluta jarðarinnar (og þar með 1,6285% hluta hins óskipta lands). Aðrir eigendur hins óskipta lands hafa gert samning við stefnda Landsnet vegna málsins.

Samkvæmt framangreindu eiga aðild að máli þessu eigendur einungis 6,0485% Knarrarness. Aðrir eigendur, sem stefndi, Landsnet hf., hefur þegar samið við í Knarrarnesi, eiga því samtals 93,95% hins óskipta lands. Þá eiga aðeins þrír eigendur Heiðarlands Vogajarða aðild að máli þessu, Reykjavrent ehf., Sigríður S. Jónsdóttir og Ólafur Þ. Jónsson, sem eiga samtals um þriðjung jarðarinnar, sbr. dskj. 96. Aðrir landeigendur jarðarinnar hafa gert samning við stefnda. Stefndi telur að teknu tilliti til framangreinds að vísa beri kröfum framangreindra stefnenda frá dómi, og jafnvel málinu í heild sinni, enda lýtur krafa umræddra landeigenda að því að fella úr gildi ákvörðun Orkustofnunar er takmarkar nýtingarmöguleika jarðarinnar allrar, og varðar hagsmuni hinna sameigendanna ekki síður en stefnenda sjálfra. Telja verður samkvæmt framangreindu, að þörf sé á aðild allra eigenda Knarrarness og Heiðarlands Vogajarða, sbr. 18. gr. 1. nr. 91/1991.

Í fjórða lagi telur stefndi að vísa beri málinu frá dómi þegar af þeirri ástæðu að stefnendur telja ástæðu til að stefna Náttúruverndarsamtökum Suðvesturlands án þess að gera kröfu á hendur samtökunum, vegna kæru á dskj. 29. Að þeirri kæru stóð einnig Landvernd en þeim samtökum er ekki stefnt. Verði því að vísa málinu frá þar sem telja verði þörf á aðild allra kæranda.

III

Stefnendur hafna frávísunarkröfu stefnda, Landsnets hf., sem og athugasemdum stefnda, Orkustofnunar, um frávísun málsins án kröfu.

Stefnendur telja stefnu og málatilbúnaðinn vera í samræmi við 80. gr. laga um meðferð einkamála nr. 91/1991. Suðurnesjalína 2 muni liggja um lönd stefnenda og ákvörðun Orkustofnunar, sem heimili lagningu og rekstur línunnar, varði stefnendur með beinum hætti.

Málsástæður stefnenda lúta að annmörkum á málsmeðferð Orkustofnunar og annmörkum á ákvörðun um leyfisveitingu. Stefnendur byggja á því að lögmatísregla stjórnsluréttarins hafi verið brotin sem og 10., 12., 13. og 15 gr. stjórnslulaga. Stefnendur telja málsástæður í stefnu skýrar og samhengi þeirra ljóst. Þá mótmæla þeir því að um skriflegan málflutning sé að ræða. Hin viðamiklu gögn sem þeir leggi fram styðji málatilbúnað þeirra og séu í grunnin þau sömu og afhent hafi verið stefnda, Orkustofnun.

Stefnendur mótmæla því að þeir eigi ekki lögvarða hagsmuni í málinu. Þeir séu landeigendur á þeirri leið sem Suðurnesjalína 2 muni liggja og lagning hennar skerði eignarréttindi þeirra, sbr. 72. gr. stjórnarskrárinnar og 1. gr. 1. sammingsviðauka við mannréttindasáttmála Evrópu, samanber lög nr. 62/1994.

Stefnendur telja að hin umdeilda ákvörðun Orkustofnunar sé forsenda þess að unnt sé að ráðast í framkvæmdina, sbr. 2. mgr. 9. gr. raforkulaga nr. 65/2003. Stefnendur mótmæla því að ekki sé nægileg grein gerð fyrir lögvörðum hagsmunum þeirra í stefnu málsins.

Stefnendur halda því fram að þeir hafi verið aðilar að stjórnsýslumáli því er lauk með veitingu leyfisins. Þeir halda því fram að stefndi, Orkustofnun, hafi í bréfi 25. febrúar 2013 viðurkennt aðild þeirra, þar sem sagt sé „að lögmannsskrifstofan LEX, f.h. þeirra aðila sem eru staðfestir eigendur þeirra jarða sem umrædd framkvæmd fer um og Orkustofnun staðfestir að séu „aðilar máls“ að skilningi Orkustofnunar, með vísan til 15. gr. stjórnsýslulaga skuli fá aðgang að umræddum trúnaðargögnum“. Þá benda stefnendur á að þeir hafi fengið framlengdan frest til að skila athugasemdum sínum sem og að gerð hafi verið grein fyrir athugasemdum þeirra í ákvörðun Orkustofnunar. Þá benda stefnendur á að samkvæmt athugasemdum með frumvarpi sem varð að stjórnsýslulögum eigi að skýra aðila máls í skilningi stjórnsýsluréttar rúmri skýringu.

Þá hafna stefnendur því að þinglýstir eigendur Heiðarlands, Vogajarða og Stóra Knarrarness þurfi allir að standa að málssókninni. Stefnendur telja að hver stefnanda um sig hafi sjálfstæðra hagsmuna að gæta af kröfu sinni um að ákvörðun Orkustofnunar verði felld úr gildi. Samaðild til sóknar sé ekki nauðsynleg samanber 18. gr. laga um meðferð einkamála.

Að lokum mótmæla stefnendur því að aðild meðstefnda, Náttúruverndarsamtaka Suðvesturlands, geti leitt til frávísunar málsins.

IV

Samkvæmt 9. gr. raforkulaga, nr. 65/2003, sbr. 5. tl. 3. gr. sömu laga, hefur stefndi, Landsnet hf., heimild til að reisa ný flutningsvirki raforku. Í 1. mgr. sömu laga er lögð sú skylda á stefnda, Landsnet hf., að byggja flutningskerfið upp á hagkvæman hátt að teknu tilliti til öryggis, skilvirkni, áreiðanleika afhendingar og gæða raforku. Sé ætlunin að raflínur flytji meira en 66 kV þarf, samanber 2. mgr. 9. gr. sömu laga, leyfi stefnda, Orkustofnunar. Fyrirhugað er að Suðurnesjalína 2 verði 220 kV lína og sótti stefndi, Landsnet hf., því um leyfi stefnda, Orkustofnunar samanber 1. mgr. 9. gr. raforkulaga.

Samkvæmt 34. gr. raforkulaga skal Orkustofnun kynna umsókn um leyfi samkvæmt lögnum með auglýsingu í Lögbirtingablaðinu. Þar skal gefa þeim aðilum er málið varðar færi á að kynna sér umsóknina og koma á framfæri sjónarmiðum sínum innan fjögurra vikna frá birtingu auglýsingar. Að því loknu tekur Orkustofnun ákvörðun um hvort heimila eigi nýtt flutningsmannvirki. Við þá ákvörðun metur stofnunin m.a. hvort skilyrði 1. mgr. 9. gr. raforkulaga séu uppfyllt, um að flutningskerfið sé byggt upp á hagkvæman hátt að teknu tilliti til öryggis, skilvirkni, áreiðanleika afhendingar og gæða raforku. Samkvæmt 2. mgr. 9. gr. sömu laga getur Orkustofnun bundið leyfið skilyrðum er lúta að þeim atriðum sem greinir í 1. mgr. auk skilyrða er lúta að umhverfisvernd og landnýtingu. Hin umdeilda ákvörðun stefnda, Orkustofnunar, er frá 5. desember 2013 og í fylgibréfi með henni kemur meðal annars fram það skilyrði, að stefndi, Landsnet hf., verði

með vísan til 21. gr. raforkulaga að ná samkomulagi um endurgjald fyrir landnot vegna hinnar fyrirhuguðu línu, en að öðrum kosti fari fram eignarnám og umráðataka vegna línunnar.

Telja verður að í ákvörðun Orkustofnunar 5. desember 2013 felist mat stjórnvalds á því, að nauðsynlegt sé að reisa flutningsmannvirkið. Hér er ekki um að ræða framkvæmdaleyfi eða leyfi til afnota af landi fyrir flutningsvirkið. Stefnenda er hvorki getið sem aðila í ákvörðuninni sjálfri né í fylgibréfi því sem henni fylgdi. Aðkoma þeirra að málinu byggist á 3. mgr. 34. gr. sömu laga þar sem þeir nýttu sér rétt sinn til að koma á framfæri sjónarmiðum sínum um umsókn stefnda, Landsnets hf. Þeir eru því umsagnaraðilar og það geri þá ekki að aðila ákvörðunarinnar sem tekin var 5. desember 2013. Þá skiptir hér engu aðild þeirra að máli því sem rekið var vegna aðgangs að trúnaðarupplýsingum samanber úrskurð umhverfis- og auðlindanefndar er kveðinn var upp 19. september 2013. Til þess að stefnendur gætu komið sjónarmiðum sínum að, samanber 3. mgr. 34. gr. raforkulaga, töldu þeir sig þurfa aðgang að trúnaðarupplýsingunum. Um annað ágreiningsefni er því að ræða. Með því að stefnendur hafa ekki sýnt fram á að þeir eigi lögvarða hagsmuni í málinu er því vísað frá dómi að kröfu stefnda, Landsnets hf.

Stefnendur málsins eru sjö einstaklingar og þrjú félög. Á bls. 4 í stefnu er tafla „til nánari skýringar á því hvaða jarðir eru, að hluta eða öllu leyti, í eigu stefnenda“. Að öðru leyti er ekki gerð grein fyrir aðild stefnenda. Ekkert kemur til dæmis fram um hvaða jarðir séu í óskiptri sameign, með hverjum eða hve stóran hluta hver stefnandi eigi. Í ljósi 18. gr. laga um meðferð einkamála bar stefnendum að gera frekari grein fyrir aðild sinni að málinu en vísa skal máli frá dómi án kröfu sé ákvæði 18. gr. laga um meðferð einkamála ekki fullnægt. Til þess að meta það verður fullnægjandi reifun á aðildinni að liggja fyrir í stefnu. Hér er því um vanreifun á aðild stefnenda að ræða.

Frávísun málsins skerðir ekki rétt stefnenda til að vísa ágreiningi sínum um lagningu Suðurnesjalínu 2 til dómstóla, en stefnendur reka nú þegar nokkur dómsmál fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur er varða fyrirhugaða lagningu Suðurnesjalínu 2. Náttúruverndarsamtök Suðvesturlands hafa ekki látið málið til sín taka að öðru leyti en þeir skiluðu greinargerð í málinu og gera sömu dómkröfur og stefnendur. Samtökin voru ekki aðilar að ákvörðun Orkustofnunar 5. desember 2013 og skorti þau því lögvarða hagsmuni af því að gera þá dómkröfu er fram kemur í málalíbúnaði þeirra.

Þegar af þeim ástæðum sem að framan greinir er málinu vísað frá dómi. Með vísan til 2. mgr. 130. gr. laga 91/1991 um meðferð einkamála ber stefnendum að greiða stefndu málskostnað svo sem greinir í úrskurðarorði.

Sigrún Guðmundsdóttir héraðsdómari kvað upp úrskurð þennan.

ÚRSKURÐARORÐ

Málinu er vísað frá dómi.

Stefnendur, Geirlaug Þorvaldsdóttir, Margrét Guðnadóttir, Ólafur Þór Jónsson, Reykjaprent ehf., Sauðafell sf., Sigríður Jónsdóttir, Bjarney Guðrún Ólafsdóttir, STV ehf., Skúli Þorvaldsson og Katrín Þorvaldsdóttir greiði sameiginlega (in solidum) stefnda, Landsneti hf., 800.000 kr. og stefnda, Orkustofnun, 200.000 kr. í málskostnað.

Sigrún Guðmundsdóttir.